

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli til húsa- 102
bygginga.

16. ágúst.

Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra í póknanlegu brjefi, dags. í gær, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til, að presturinn í Þingeyra-prestakalli, sjera Bjarni Pálsson, megi taka 1000 kr. lán, sem endurborgist á 20 árum, upp á prestakallið til viðreisnar bæjarhúsum á Hjaltabakka, sem brunnu 23. desbr. f. á., með því skilyrði, að presturinn á sínum tíma sanni á fullnægjandi hátt, að kostnaðurinn hafi orðið svo mikill að minnsta kosti, sem lánsupphæðinni nemur.

Svo vil jeg og samkvæmt tillögum yðar veita leyfi til, að sami prestur taki annað lán að upphæð 1000 kr., með sömu borgunarskilmálum, sömuleiðis upp á prestakallið, til húsabóta á Steinnesi, þannig, að nýju húsi verði bætt við hið núverandi bæjarhús og þau látin standa, og að hið nýja hús verði sjerstök eign prestakallsins, þó svo, að lánsupphæðin verði ekki útborguð fyrr en byggingunni er lokið, og sannað er með löglegri úttektargjörð að nýhýsið sje að minnsta kosti 1000 kr. virði

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 103
flutning á þingstað.

19. ágúst

Með póknanlegu brjefi, dags. 12. p. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer beiðni hreppsnefndarinnar í Andakýlshreppi ásamt meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns um að þingstaður hreppsins megi eptirleiðis vera á Hvítárvöllum í staðinn fyrir á Heggstöðum, og hafið þjer lagt það til, að hið umbeðna leyfi verði veitt.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til frekari birtingar, að jeg veiti samþykki mitt til, að manntalsþing og hreppsfundir fyrir Andakýlshrepp verði að þar til fengnu leyfi frá eiganda og ábúanda Hvítárvalla, haldnir á Hvítárvöllum, og ber hreppsnefndinni að sjá fyrir eða útvega sæmilegt húsnæði þar á staðnum til þinghaldanna.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norður og Austuramtinu, um sveit- 104
festi þurfalings. — Eptir að jeg hef fengið póknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 19. maí p. á. viðvíkjandi áfrýjan hreppsnefndarinnar í Hrafnagilshreppi á úrskurði yðar 19. ágúst
um sveitfesti Stefáns nokkurs Stefánssonar, 8. apríl f. á. skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til frekari birtingar, að jeg er samþykkur ástæðum þeim, sem nefndur úrskurður yðar er byggður á, og staðfestist hann því í öllum greinum¹.

¹) Úrskurður amtmannsins er svo hljóðandi:

Eptir að hafa meðtekið póknanlegt brjef yðar, herra sýslumaður, dagsett 31. f. m. og þar með umsögn hreppsnefndarinnar í Vallahreppi, viðvíkjandi erindi nokkru frá hreppsnefndinni í Hrafnagilshreppi, þar sem hún áfrýjar til amtsins úrskurði yðar 25. júlí f. á., en þar álitíð þjer að Stefán nokkur Stefánsson, sem hafði þegið styrk af fátækrafje í Húsavíkurhrepp í Þingeyjarsýslu, eigi sveit í Hrafnagilshreppi, hefur amtið í dag lagt svo látandi úrskurð á sveitfestismál þetta.

Eptir að óvissa nokkur hafði leikið á um það, hvar og hvenær Stefán þessi, sem eptir þeim skýrslum, er fyrirleggja, hefur hvergi sveitfest sig með lögboðinni dvöl í nokkrum hrepp eptir að hann varð 16 ára að aldri, væri fæddur, og sú niðurstaða orðið á þessu, samkvæmt vottorði frá prestinum að Völlum í Svarfaðardal, að Stefán væri fæddur á Syðra-Kálfskinni í Arnarneshrepp, kom það upp síðar að vottorð þetta væri byggt á misskilningi á hlutaðeigandi kirkjubók og varð það sannað með kirkjubókarvottorði prestsins að Tjörn í Svarfaðardal, að Stefán, sem er óskilgetinn sonur Hallfríðar nokk-

3. dag september-mán. 1890.